

Skólinn ykkar er *Vináttuskóli* en [Vináttu](#) er forvarnarverkefni sem [Barnaheill](#) – Save the Children á Íslandi standa að og gefa út í samstarfi við Red Barnet – Save the Children í Danmörku og [Mary Fonden](#) samtökin.

Markmið *Vináttu* er að:

- efla félagsfærni
- styrkja sjálfsmynd
- stuðla að jákvæðum samskiptum
- efla samstöðu
- koma veg fyrir einelti innan barnahópsins



Jafnframt byggir verkefnið á ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem eru í samræmi við [Barnasáttmálann](#), [heimsmarkmiðin](#) og [aðalnámskrá](#).

Til að ná sem mestum árangri er mikilvægt að allir sem koma að börnunum séu samstíga, þekki *Vináttu* og tileinki sér gildin sem hugmyndafræðin byggir á en þau eru:

***virðing, hugrekki, umburðarlyndi og umhyggja.***

Þar skipta foreldrar einna mestu máli enda eru þeir fyrirmyndir barna sinna og spegla þeirra viðhorf, framkomu og samskipti.

## Bangsinn Blær

Blær er tákmynd vináttunnar í verkefninu honum fylgja litlir hjálparbangsar sem ætlaðir eru hverju barni sem tekur þátt í *Vináttu*. Blær og hjálparbangsarnir tákna traust og vináttu og er ætlað að minna börnin á að passa upp á aðra og að vera góður félagi allra.

Litli Blær á heima í skólanum en það er misjafnt eftir skólum hvort hann fer heim að lokinni leikskólagöngu eða fylgir börnunum í grunnskólann.